

## **Fundargerð:**

# Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps kom saman til 2. fundar þann 31. október 2025 í fjarfundi á Teams.

## **Fundinn sátu:**

- Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
- Halldór Logi Friðgeirsson, Kaldrananeshreppi
- Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi
- Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi
- Delphine Briois, Árneshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPM sem ritaði fundargerð

Eva Sigurjónsdóttir, Árneshreppi boðaði forföll. Delphine vék af fundi kl. 10:30.

Fundur settur kl. 10:05.

## **Dagskrá:**

### **1. Tímalína verkefnisins**

Rætt um tímalínu verkefnisins sem miðast við að kosin verði sveitarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi í maí 2026. Ákveðið var að stefna að því að halda samráðsfundi með íbúum í lok nóvember eða byrjun desember.

Ákveðið að KPMG vinni drög að áliti verkefnisstjórnar til sveitarstjórna fyrir næsta fund.

### **2. Reglur um heimastjórnir**

Jón Hrói kynnti reglur um heimastjórnir og fyrirkomulag heimastjórna í öðrum sveitarfélögum. Einnig var farið yfir fyrirhugaðar breytingar á sveitarstjórnarlögum varðandi heimastjórnir og valdsvið þeirra.

KPMG falið að gera tillögu að ákvæðum í samþykktir um stjórnskipulag þar sem gert er ráð fyrir heimastjórn fyrir Árneshrepp þar sem áhersla er á að gefa heimastjórn sem mest áhrif á ráðstöfun þeirra fasteigna sem sveitarfélagið á, s.s. leiguíbúða, félagsheimili, verslunarrými og jarða.

### **3. Staða verkefna**

Jón Hrói gerði grein fyrir stöðu vinnu við skoðun á möguleikum á að stofna sjálfseignarstofnanir um eignir sveitarfélaganna til að tryggja yfirráð og áhrif heimamanna á framtíð þeirra. Fram kom að sameiningarviðræður hafa ekki áhrif á valdsvið sveitarstjórna fyrir en íbúar hafa samþykkt sameiningu í kosningum. Þá þurfa sveitarstjórnirnar að leita samþykkis hvorrar annarrar fyrir nýjum skuldbindingum eða fjárútlátum, þ.e. fjárhagslegum ráðstöfunum sem ekki eru í gildandi áætlunum.

Næsti fundur samstarfsnefndar verður boðaður 7. nóvember nk. klukkan 10.

Fundi slitið kl. 12:10.